

Nd.

418. Nefndarálit

um frv. til l. um opinberan ákæranda.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um málið. Meiri hl. nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að eigi þyki tímabært að lögfesta þetta sérstaka atriði réttarfarslöggjafarinnar, þar eð vænta meg, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi 1935 frv. til nýrrar réttarfarslöggjafar í heild.

Minni hl. getur eigi fallizt á þessa frestun málsins, þar eð hann telur brýna nauðsyn bera til þess að taka ákærvaldið úr höndum framkvæmda-valdsins og færa það í hendur sérstökum ópólitískum embættismanni. Enda þótt vænta meg, að á þessu þingi verði samþ. tillaga um skipun lögfræðinganefndar til að undirbúa og semja frv. um allsherjarréttarfarslöggjöf, er engan veginn víst, að þeirri nefnd takist að ljúka störfum fyrir næsta Alþingi, af þeirri ástæðu, að þetta mál er svo viðtækt og yfirgripsmikið, að það þarfnast bæði langs og rækilegs undirbúnings. Það má og telja vafalítið, að þótt þessari lögfræðinganefnd tækist að leggja eitthvert frv. í hendur næsta þings, þá muni Alþingi þurfa að rannsaka og ræða það mál svo gaumgæfilega, að því verði eigi lokið á fyrsta þingi.

Minni hlutinn hefir borið þetta mál undir lagadeild Háskóla Íslands, og er það einróma álit deildarinnar, að eigi sé rétt að fresta þessu máli. Er álit deildarinnar prentað hér á eftir sem fylgiskjal.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Konungur skipar opinberan ákæranda. Skal hann fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru til þess að vera málflutningsmaður fyrir hæstarétti.

2. Við 3. gr. 2. og 3. másl. greinarinnar falli niður.

3. Við 4. gr. Síðasta málsgrein falli niður.

4. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:

Ekki má hinn opinberi ákærandi ákveða rannsókn, málshöfðun eða áfrýjun opinbers máls, né flytja slíkt mál fyrir hæstarétti, ef hann væri

ekki hæfur til að dæma það í hæstarétti, væri hann dómari þar. Skal hann þá gera forseta hæstaréttar viðvart, er setur annan hæfan mann til að inna af hendi starf hins opinbera ákæranda í slíku máli. Um skyldur hins opinbera ákæranda til undirbúnings og flutnings máls fyrir hæstarétti fer að öðru leyti eftir þeim reglum, sem gilt hafa um skipaða sækjendur fyrir hæstarétti.

5. Greinatala frumv. breytist samkv. þessu.

Alþingi, 12. nóv. 1934.

Thor Thors, Garðar Þorsteinsson.
frsm.

Fylgiskjal.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Lagadeildin.

Reykjavík, 22. okt. 1934.

Til svars bréfi yðar frá 19. þ. m., þar sem þér sendið lagadeildinni til umsagnar frv. til laga um opinberan ákæranda, skal þetta tekið fram:

Lagadeildin telur, að það muni yfirleitt verða til bóta og einkum til aukningar réttaröryggis í landinu, ef skipaður verður opinber ákærandi með því starfssviði, sem ákveðið er í frv. Vald hins opinbera ákæranda er að visu nokkru meira skv. frv. en slíkum embættismönnum er fengið sumstaðar annarsstaðar, en eftir því, sem til háttar hér á landi, mundi embættið ekki koma að verulegu gagni, nema því sé fengið slíkt vald sem í frv. er ákveðið.

Þar sem starf opinbers ákæranda skv. frv. getur mæta vel fallið inn í núgildandi réttarfar og hlýtur að verða mjög svipað, þótt róttækar endurbætur réttarfarsins verði lögleiddar, þá telur lagadeildin enga ástæðu til að fresta stofnun embættisins vegna þess, að slíkar allsherjar endurbætur séu bráðlega væntanlegar. Enda hið mikilvægasta er að liða þangað til slíkar endurbætur komast í framkvæmd, ef þær eiga að vera svo víðtækar, sem nauðsyn er á.

Um skipun í embættið telur lagadeildin það í beztu samræmi við stjórnskipulegar reglur og eðli málsins, að konungur skipi í það á ábyrgð ráðherra eins, án þess tillagna hæstaréttar þar um þurfi að leita, enda er það sízt til styrktar aðstöðu hæstaréttar, að honum séu fengin í hendur störf, er liggja utan hins eiginlega verkswiðs hans, en líklegt er, að ágreiningur kunní að verða um. Leggur lagadeildin því til, að þeim ákvæðum frv., sem hér að lúta, verði breytt í samræmi við álit hennar. Það er skoðun deildarinnar, að þótt ríkastar kröfur beri að gera til þess, er embættinu gegnir, um þekkingu og hæfileika á sviði refsiréttar og refsiréttarfars, þá sé og nauðsynlegt, að hann sé vel fær á öðrum sviðum réttarins. Vill því lagadeildin leggja til, að engan megi skipa í embætti þetta, nema hann hafi að öllu leynt af hendi raun

þá, sem áskilin er um hæstaréttarmálaflutningsmenn, þó svo, að a. m. k. tvö af þeim fjórum málum, er hann þarf að flytja, séu opinber mál.

Loks skal á það bent, að í 4. gr. frv. vantar ákvæði um það, hvenær opinber ákærandi sé óhæfur til að flytja mál fyrir hæstarétti og hver setji þá mann í hans stað. Virðist eðlilegast, að ákvæðum 3. gr. frv. verði, með hugsanlegum breytingum, sbr. það sem fyrr var sagt, beitt um öll störf opinbers ákæranda, og þau ákvæði tekin úr 3. gr. og sett í sérstaka grein.

Bjarni Benediktsson. Ólafur Lárusson. Þórður Eyjólfsson.

Til alþingismannanna Thors Thors og Garðars Þorsteinssonar.